

Sp.

530. Tillaga til þingsályktunar

[245. mál]

um björgunarmál.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa samstarfsnefnd fulltrúa hinna ýmsu hjálparsveita og björgunaraðila í landinu til að vinna að skipulagningu björgunarmála. Í nefndinni verði fulltrúar frá þessum aðilum: Almannavörnum, flugbjörgunarsveitum, Flugmálastjórn, Landhelgisgæzlu, Landssambandi hjálparsveita skáta, lögregluþyrpingum og Slysavarnafélagi Íslands. Dómsmálaráðherra skipar formann nefndarinnar.

Greinargerð.

Nú nýlega boðaði Landssamband hjálparsveita skáta til ráðstefnu um björgunarmál. Ráðstefnuna sóttu fulltrúar frá ýmsum björgunaraðilum landsins auk nokkurra annarra. Flutningsmenn þessarar tillögu sóttu ráðstefnuna fyrir hönd þingflokka sinna og vilja fyrir sitt leyti stuðla að því, að fullnægt verði þeirri ósk ráðstefnunnar að bæta skipulag og auka samþæfingu í björgunarmálum á Íslandi.

Meðal þess, sem hafa þarf í huga í þessu sambandi, er aukið samstarf áhugamannasamtaka annars vegar og opinberra aðila hins vegar, til þess að sú þjónusta, sem völ er á í björgunarmálum, nýtist sem best.

Ýmislegt bendir til, að vaxandi ferðamannastraumur hafi í för með sér aukna slyshættu, og alltaf er fyrir hendi sú hættu, að stórslys geti orðið á landi okkar af völdum náttúruhamfara eða öðrum ástæðum.

Til þess liggja því gild rök, að þess sé jafnan gætt, að gott skipulag sé á samstarfi þeirra hjálpfúsna manna, sem æ ofan í æ hafa lagt mikið á sig við björgunarskörf, hvort sem um er að ræða sjálfboðaliða eða þá, sem starfi sínu samkvæmt vinna að björgunarmálum. Allt eru þetta aðilar, sem húa yfir þekkingu og þjálfun og eru þess albúnir að koma til hjálpar, ef út af ber.